

Frá því núgildandi lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu tóku gildi fyrir tæpum 30m árum hafa orðið verulegar breytingar á samfélaginu og viðhorfum til líkbrennslu og greftrunar. Nú lýkur ríflega helmingi útfara á Höfuðborgarsvæðinu með bálför en þrátt fyrir verulega aukningu á bálförum hefur ekki orðið veruleg fjölgun á umsóknum um dreifingu á ösku utan kirkjugarða. Nú eru aðeins veitt um 60 leyfi að meðaltali á hverju ári til öskudreifingar og um það bil helmingur þeirra kemur frá erlendum ríkisborgurum sem koma hingað til lands sem ferðamenn og dreifa ösku hér á landi sem flutt hefur verið til landsins eingöngu í þeim tilgangi. Því eru aðeins um 30-40 umsóknir um öskudreifingu á hverju ári frá Íslendingum eða einstaklingum búsettum hér á landi. Það er næsta lágt hlutfall af heildarfjölda bálfara. Svo kann að vera að ein ástæða þess Íslendingar óski ekki eftir að fá að dreifa ösku í ríkari mæli sé sú að reglurnar hér á landi eru flóknar og þess að sækja þarf um leyfi til þess. Ætla verður þó að aðalástæðan sé sú að það er ekki hefð hér á landi fyrir þessari meðferð á ösku, enda eru reglur ekki svo þröngar að þær girði í stórum stíl fyrir möguleika fólks til að dreifa ösku eftir settum reglum.

Í núgildandi lögum segir að það sé heimilt að dreifa ösku yfir öræfi eða sjó. Í reglugerð þeirri sem sett var til fyllingar lögnum og er nr. 203/2003 með síðari breytingum segir að aðeins sé heimilt að dreifa ösku manns yfir haf og óbyggðir. Þarna gætir ósamræmis þar sem ekki liggur fyrir að átt sé við það sama með orðalaginu óbyggðir og öræfi.

Það er án nokkurs vafa eðlilegt og rétt að rýmka reglur um dreifingu ösku frá því sem nú er. Í fyrsta lagi eru reglurnar óskýrar og jafnan lagt undir óljósar matsreglur hvernig túlka beri núverandi reglur og í öðru lagi verður að líta svo á að koma þurfi til móts við ákall tímans og breytt viðhorfa. Það verður þó að líta svo á að ekki sé ástæða til að dreifing ösku megi fara fram án þess að einhverskonar leyfi verði veitt til þess, enda er ekki reynsla af því að öskudreifing sé frjáls.

Nokkur atriði þarf að hafa í huga. Á meðan ekki er þarf að fá leyfi yfirvalda fyrir tiltekinni meðferð á ösku er hættu á að lög og reglur verði síður virt og þeir sem dreifa ösku geri það að eigin geðþótta. Hafa verður í huga að um það bil helmingur umsókna kemur frá ferðamönnum sem hafa litla þekkingu á landinu og landsháttum og nokkur hættu á að dreifing á ösku verði algeng á vinsælum ferðamannastöðum. Á slíkum stöðum er oft mikill fjöldi fólks samankominn hverju sinni og ósennilegt að öllum hugnist að öskudreifing fari fram fyrir vindi og veðrum þar sem fólk hefur safnast saman. Annað atriði sem hafa verður í huga er að frumvarpið heimilar til dæmis dreifingu á ösku á einkalandi annarra þar sem oft á tíðum vilja hinir látna að ösku þeirra sé dreift á landi þar sem þeir hafa átt sínar heimaslóðir fyrir margt löngu en er nú í eigu annarra. Í þriðja lagi ber að geta þess að reynslan hefur sýnt annarsvegar að ekki er alltaf sátt um meðferð ösku á meðal aðstandenda hins látna og það að skýr vilji hins látna liggur í raun sjaldnast fyrir.

Ein þeirra ábendinga sem fram kemur í frumvarpi að lögnum er að ákjósanlegt sé að boðinn verði sá möguleiki að ösku sé dreift í skóglendi eða hún jarðsett og þannig búið um hnútana að af hennii vaxi gróður með því að fræjum sé komið fyrir í duftkerinu. Þetta verður að telja mjög jákvætt og ætla að slíkir reitir geti orðið aðdráttarafi í framtíðinni.

Virðingarfyllt
Halldór Þormar Halldórsson
Umsjónarmaður með leyfum til dreifingar á ösku



Nefndasvið Alþingis
150 Reykjavík

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum (dreifing ösku), 178. mál. HER hefur farið yfir drögin og gerir eftirfarandi umsögn.

Að mati HER stafar lítilli mengunarhættu af dreifingu ösku látinna einstaklinga. ÞH gildi öskunnar er hátt en magnið takmarkað. HER telur þó að taka beri fram að ekki sé heimilt að dreifa ösku í nágrenni vatnsból eða á stað þar sem fram fer matvælaframleiðsla þar sem líkur eru á að aska geti komist í matvæli. Þó askan sé hættulítill er um jarðneskar leifar fólks að ræða og því ekki æskilegt að dreifa henni inn á slík svæði. Eins væri eðlilegt að leita heimilda landeigenda/lóðarhafa ef dreifa á ösku á einkalóð.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir

Svava Svanborg Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

Umsögn frá kirkjugarðaráði. 7. febrúar 2022

152. löggjafarþing 2021–2022. Þingskjal 180 – 178. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum (dreifing ösku).

Frumvarpið, sem lagt er fram á þingskjali 180, gerir ráð fyrir að varðveisla og dreifing á ösku látinna einstaklinga verði gefin frjáls og að felldar verði úr kirkjugarðalögum takmarkanir og skilyrði sem nú gilda um varðveislu og dreifingu slíkrar ösku. Eina skilyrðið sem þar er sett fram er að virða skuli ósk hins látna um hvar og hvernig öskunni skuli dreift eða hún varðveitt. Ekki virðist gert ráð fyrir að slík dreifing geti stangast á við önnur lög t.d. um hollustuhætti.

Tillaga um breytingu á 2. mgr. 7. gr. laganna felur í sér að felld verði niður ákvæði um að skylt sé að varðveita duftker í kirkjugarði eða löggiltum grafreit en í þess stað verði kveðið á um að heimilt sé að grafa ker í grafarstæði eða leggja í leiði. Skyldan er afnumin en heimildin sem nú þegar er fyrir hendi kemur í staðinn.

Breyting sem lögð er til á 4. mgr. 7. gr. felur í sér að felld verði niður ákvæði um að sækja þurfi um heimild sýslumanns til að dreifa ösku látins yfir öræfi eða sjó en það ákvæði felur jafnframt í sér að óheimilt er að dreifa ösku sama einstaklings á fleiri en einn stað í senn. Þá er lagt til að felld verði niður ákvæði 4. mgr. um að óheimilt sé að geyma duftker fram að ráðstöfun þess annars staðar en í líkhúsi. Í staðinn kemur ný málsgrein svohljóðandi: „Virða ber ósk hins látna um hvar og hvernig ösku er dreift eða hún varðveitt sé ósk hins látna sú að askan sé ekki jarðsett. Með ofangreindri tillögu verður ekki annað séð en að hægt verði að geyma ösku látinna og/eða dreifa henni hvar sem er án takmarkana. Þetta vekur spurningar um hvort framvegis verði jafnvel hægt að dreifa ösku innan skipulagðra svæða í þéttbýli til dæmis í íbúðahúsa- eða í almenningsgördum.

Öskudreifing var samþykkt á Alþingi 8. apríl 2002. Kirkjugarðaráði hafa ekki borist kvartanir vegna núverandi fyrirkomulags öskudreifingar og því telur ráðið ekki brýna nauðsyn á að rýmka heimildir um dreifingu ösku að svo stöddu.

Kirkjugarðaráð bendir á að árið 2016 óskaði dómsmálaráðuneytið eftir tillögum ráðsins að breytingum á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Kirkjugarðaráð skilaði ráðuneytinu þá breytingartillögum sínum. Ráðinu þykir rétt að þegar farið verður í heildarendurskoðun á lögnum megi m.a. skoða hvort taka eigi inn í lögina rýmri heimild fyrir öskudreifingu.

Virðingarfyllst,

Ragnhildur Benediktsdóttir
formaður kirkjugarðaráðs



151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal 303 — 271. mál.

Umsögn Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ).

Meðfylgjandi eru athugasemdir stjórnar KGSÍ við frumvarp til laga um breytingu á 7. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993 með síðari breytingum, sem lagt var fram á Alþingi í nóvember síðastliðnum.

Lagagreinin, sem lagt er til að breytist, er í dag svohljóðandi:

7gr.

- Líkbrennsla hér á landi má eingöngu fara fram í stofnunum sem [sýslumaður] ¹⁾ löggildir.
- Búa ber um öskuna í þar til gerðum duftkerum sem skylt er að varðveita í kirkjugarði eða löggiltum grafreit, [sbr. þó 4. mgr.] ²⁾ Skal grafa kerin niður í grafarstæði eða leggja þau í leiði ef vandamenn, er greinir í 1. mgr. 47. gr., óska þess. Dýpt duftkersgrafar skal vera um 1 metri.
- Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan reit í kirkjugarði fyrir duftker og sé stærð hvers leiðis jafnan hin sama, um $\frac{1}{2}$ fermetri. Nöfn þeirra sem duft er varðveitt af í kirkjugarði skal rita á legstaðaskrá og kerin og grafirnar tölusettar, sbr. 27. gr. [Kirkjugarðsstjórn getur einnig afmarkað almennan reit í kirkjugarði, þar sem ösku látinna verði komið fyrir, án þess að grafarnúmers sé getið, en nöfn hinna látnu skulu færð í legstaðaskrá, sbr. 1. mgr. 27. gr.] ³⁾
- [[Sýslumaður getur heimilað] ⁴⁾ að ösku verði dreift yfir öræfi eða sjó, enda liggi fyrir ótvíræð ósk hins látna þar að lútandi. Óheimilt er að dreifa ösku á fleiri en einn stað sem og að merkja dreifingarstað. Sömuleiðis er óheimilt að geyma duftker fram að ráðstöfun þess annars staðar en í líkhúsi. Duftker sem ætluð eru til dreifingar ösku skulu vera úr forgengilegu efni og brennd strax að lokinni dreifingu. [Um nánari reglur um dreifingu ösku látins manns fer samkvæmt reglugerð ⁵⁾ settri með heimild í 1. mgr. 50. gr.] ⁶⁾
- [Ráðherra er heimilt að ákveða að leyfi til dreifingar ösku látins manns skv. 4. mgr. verði á hendi eins sýslumanns.
- Ákvarðanir sýslumanns samkvæmt þessari lagagrein eru kærnanlegar til ráðuneytis.] ⁷⁾

Ófyrirséðar og varhugaverðar breytingar

Frumvarpið sem lagt er fram á þingskjali 303 gerir ráð fyrir að varðveisla og dreifing á ösku látinna einstaklinga verði gefin fjáls og að felldar verði úr lögunum takmarkanir og skilyrði sem nú gilda um varðveislu og dreifingu slíkrar ösku. Eina skilyrðið sem þar er sett fram er að virða skuli ósk hins látna um hvar og hvemig öskunni skuli dreift eða hún varðveitt. Ekki virðist gert ráð fyrir að slík dreifing geti stangast á við önnur lög, t.d. um hollustuhætti.

Kirkjugarðasambandið telur breytingarnar sem frumvarpið boðar varhugaverðar og að þær geti falið í sér ófyrirséðar og óæskilegar afleiðingar. Við teljum rökstuðning í greinagerð ónákvæman og að hluta til rangan og teljum að málið hafi ekki fengið næga skoðun.

Kirkjugarðasambandið væntir þess að málið fái ítarlega og vandaða meðferð hjá Alþingi verði það tekið til afgreiðslu.

Takmarkanir felldar niður

Tillaga um breytingu á 2. mgr. laganna felur í sér að felld verði niður ákvæði um að skylt sé að varðveita duftker í kirkjugarði eða löggiltum grafreit en í þess stað verði kveðið á um að heimilt sé að grafa ker í grafarstæði eða leggja í leiði. Skyldan er afnumin en heimildin sem nú þegar er fyrir hendi kemur í staðinn.

Breyting sem lögð er til á 4.mgr. felur í sér að felld verði niður ákvæði um að sækja þurfi um heimild sýslumanns til að dreifa ösku látins yfir öræfi eða sjó en það ákvæði felur jafnframt í sér að óheimilt er að dreifa ösku sama einstaklings á fleiri en einn stað í senn. Þá er felld niður ákvæði 4. mgr. um að óheimilt sé að geyma duftker fram að ráðstöfun þess annars staðar en í líkhúsi. Í staðinn kemur ný málsgrein svohljóðandi: „Virða ber ósk hins látna um hvar og hvernig ösku er dreift eða hún varðveitt sé ósk hins látna sú að askan sé ekki jarðsett. Um nánari reglur um dreifingu ösku látins manns fer samkvæmd reglugerð settri með heimild í 1.mgr. 50.gr.“

Með slíkri breytingu á lögum verður ekki annað séð en að hægt verði að geyma ösku látinna og/eða dreifa henni hvar sem er án takmarkana. Þannig geti askan hafnað á arinhillu eða í geymslu aðstandenda um ókomna tíð. Þetta vekur spurningar um hvort framvegis verði jafnvel hægt að dreifa ösku innan skipulagðra svæða í þéttbýli til dæmis í íbúðahúsa- eða í almenningsgördum. Ekki er að sjá að gert sé ráð fyrir að nöfn látinna verði færð í legstaðaskrá eða að skráð verði grafarnúmer eða staðfesting sem hægt verði að vísa til vilji síðari kynslóðir kynna sér hvar jarðneskum leifum tiltekins einstaklings var fyrirkomid. Þess má geta að forsvarsmenn kirkjugarða í Danmörku nefna það sem eitt algengasta umkvörtunarefni við dreifingu ösku látinna þar í landi, að aðstandendur eru ekki allir sáttir og iðrast þess að ösku ástvina hafi verið dreift og að ekki sé hægt að vitja þeirra á ákveðinn stað.

Sátt um núverandi fyrirkomulag

Starfsmenn kirkjugarðanna verða ekki varir við annað í störfum sínum en að almenn sátt ríki um núverandi lög og framkvæmd þessara mála þ.e. jarðsetningu í kirkjugarði og heimild til að dreifa ösku á sjó eða í óbyggðum (utan skipulagðra svæða). Ekki hafa borist bréf, tölvupóstar né símtöl um nauðsyn þess að rýmka heimildir um dreifingu ösku eða um breytingar á skipulagi jarðsetninga í kirkjugarði. Þrátt fyrir það hefur verið haldið áfram að þróa og fjölga möguleikum til öskudreifingar innan ramma núgildandi laga. Þannig hefur verið boðið upp á sérstakan dreifilund í Fossvogskirkjugarði þar sem hægt er að dreifa ösku á grænt svæði án þess að setja upp minningarmark. Í þeim tilvikum er nafn hins látna hins vegar ávallt skráð í legstaðaskrá garðsins.

„Frjáls“ dreifing

Í frumvarpinu er lagt til „að dreifing jarðneskra leifa verði gefin frjáls“. Oljóst er hvað átt er við með því? Lík sem ekki er brennt telst jarðneskar leifar þess sem grafinn er í kistu. Í greinagerð með frumvarpinu er jafnvel gengið enn lengra og fullyrt að á Norðurlöndum þekkist sérstakir skógar fyrir „dreifingu líkamsleifa“. Væntanlega er hér átt við duft eftir brennslu, en orðaval bendir til að orðalag hafi ekki verið gaumgæft nákvæmlega við samningu frumvarpsins.

Í greinagerð frumvarpsins er fullyrt að víðast hvar í nálægum löndum sé dreifing ösku ekki takmörkuð eins mikið og hér hvað varðar staðsetningu eða auðkenningu slíkra

dreifingarstaða. Tekið er fram að á Norðurlöndunum séu ákveðin skilyrði fyrir dreifingu ösku en þau séu almennt rýmri en hér tíðkist. Alla jafna þurfi að tilkynna og/eða upplýsa um dreifingarstað ösku sem geti verið eftir atvikum háð leyfi stjórnvalda eða eiganda/umráðamanns lands. Hér gætir nokkurrar ónákvæmni.

Svör frá Norðurlöndum

Fyrirspurn Kirkjugarðasambandsins til systurstofnana á Norðurlöndum leiðir í ljós að blæbrigðamunur er á regluverki um varðveislu og dreifingu ösku látinna í löndunum fimm en hvergi hefur verið gengið eins langt í að slaka á regluverkinu og þetta frumvarp leggur til að gert verði hér á landi. Reglur um hvar má dreifa ösku látinna eru nokkuð áþekkar í dag á Norðurlöndum:

- Í Danmörku má einungis dreifa ösku yfir opið haf.
- Í Svíþjóð má dreifa ösku yfir óbyggðir, haf, stór vötn og stærri vatnsföll.
- Í Noregi má dreifa ösku yfir óbyggðir, haf og firði.
- Í Finnlandi má dreifa ösku í skógum, yfir haf, vötn og á eigin landareign.
- Á Íslandi má dreifa ösku yfir óbyggðir eða haf.

Á öllum Norðurlöndum eru í gildi lög og reglur um hvernig fara skuli með ösku látinna, hvort sem henni er dreift eða hún jarðsett. Mælt er fyrir um hvernig duftker skuli nota og alls staðar er gert ráð fyrir aska sé varðveitt í líkbrennslustöð eða kirkju þar til henni er endanlega fyrirkomið og sækja þarf um sérstakt leyfi til öskudreifingar. Þá gilda alls staðar reglur um hve langur tími má líða frá bálför og þar til ösku er endanlega fyrirkomið og er það allt frá nokkrum mánuðum til eins árs.

Þrátt fyrir að leitað hafi verið upplýsinga hjá Kirkjugarðasambandi Norðurlanda (NFKK) hefur ekki tekist að finna stað þeirri fullyrðingu í greinagerð frumvarpsins að á Norðurlöndunum þekkist að „...sérstakir skógar séu fyrir dreifingu líkamsleifa og þar megi setja upp minningarskjöld sem ættingjar geta svo vitjað og viðhaldið.“

Lítill eftirspurn

Öskudreifing var samþykkt á Alþingi 8. apríl 2002. Á þeim rúmu 17 árum (2002-2019) sem síðan eru liðin hafa alls 133 skráningar um öskudreifingu borist inn á www.gardur.is á þessum tíma en það jafngildir 7,4 beiðnum á ári. Á þessu tímabili létust 35.956 hér á landi og eru öskudreifing aðeins 0,37% af heild.

Frá síðustu aldamótum hefur hlutfall bálfara á Íslandi aukist mikið og voru þær um 43,7% allra útfara árið 2019 á sama tíma og hefðbundnum greftrunum fækkaði.

Staðreyndimar ríma ekki við þann rökstuðning sem settur er fram í greinagerð frumvarpsins en þar segir: „Töluverðar breytingar hafa orðið á málaflöknum á síðustu árum hvað við kemur öskum einstaklinga um hvað beri að gera við jarðneskar leifar.“ Ekki er ljóst hvað hér er átt við. Ekki verður séð að knýjandi þörf sé á þeirri róttæku breytingu sem frumvarpið boðar. Leiðarljós við meðferð þessa máls hjá Alþingi hlýtur að vera að tryggja að farið verði með ösku látinna af virðingu og að minning þeirra sé í heiðri höfð.

Brýn mál biða úrlausnar – öfug forgangsröðun Alþingis

Kirkjugarðasambandið bendir á önnur og brýnni verkefni sem þarfnast úrlausnar svo sem að taka þarf ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag bálstofureksturs í landinu. Aðeins ein bálstofa er nú í landinu í Fossvogskirkju og er búnaður hennar gamall og þarfnast endurnýjunar en það mun kalla á mikla fjárfestingu. Varlega er áætlað að kostnaður við slíka fjárfestingu geti numið rúmlega milljarði króna og því vart á færi annarra en opinberra aðila að fjáramagna slíkt og reka til framtíðar eins og reyndin er annars staðar á Norðurlöndum.

Loks má benda á að drög að nýju frumvarpi um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu hafa legið fyrir í dómsmálaráðuneytinu í mörg ár og hefur stjórn KGSÍ veitt umsögn um það oft en einu sinni. Að mati Kirkjugarðasambands Íslands væri eðlilegt að ljúka heildarendurskoðun á lögnum og mætti þá um leið og í samhengi hlutanna ræða rýmkaðar heimildir til öskudreifingar.

Reykjavík 6. janúar 2021.

F.h. stjórnar KGSÍ,



Þórsteinn Ragnarsson, formaður
Kirkjugarðasambands Íslands.

Sæl Hildur og þakka þetta.

Gott skref að gera fólki það frjálrsara að dreifa öskunni eftir að búið er að grilla viðkomandi.

Það þurfi ekki að grafa öskukerið heldur sé gerlegt að dreifa því, þar sem fram komi vilji hins fráfallna, hvar það yrði gert.

Sérvizka hvers og eins fái að ráða þannig út yfir gröf og dauða, en kerfiskallar og kellingar hafi sem minnst um það að segja, hvort sé tilhlýðilegt eður ei.

Það er nú ekki svo mikið af ösku í öskukerinu, að yrði um viðamikið öskufall um að ræða, þannig að endilega að gefa það frjálrsara en verið hefur.

Kv. Pétur, safnaðarprestur Óháða safnaðarins.

Breyting á lögum um kirkjugarða,
greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993,
með síðari breytingum (dreifing ösku)
178. mál
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 8. febrúar 2022

Athugasemdir Siðmenntar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum (dreifing ösku), 178. mál.

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, tekur jákvætt í þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu. Undanfarin ár hefur orðið mikil aukning í bálförum á Íslandi en núverandi lagarammi setur aðstandendum mjög þröngar skorður þegar kemur að dreifingu ösku. Í ljósi þessarar miklu fjölgunar er ekki óvarlegt að áætla að fleiri vilji með tíð og tíma dreifa ösku og hafa frjálsari hendur um það hvaða staðsetning er valin. Skóglendi og minningargarðar hafa verið nefndir í þessu samhengi, og ekki væri óeðlilegt að fólk gæti valið aðra staði sem tengjast minningu þess látna en falla ekki innan núverandi lagaramma.

Lítill hefð er fyrir dreifingu á ösku á Íslandi enn sem komið er og virðist margt vera óljóst í þessum málaflokki í augum almennings, en mikið magn duftkerja liggur nú ósótt í geymslu hjá bálstofu kirkjugarðanna. Leiða má að því líkur að flókið og/eða strangt lagaumhverfi dragi úr viðleitni aðstandenda til að sækja þessi ker og leggja hina látnu til hinstu hvílu.

Í umsögn Halldórs Þormars Halldórssonar, umsjónarmanns með leyfum til dreifingar á ösku, kemur fram að misræmi sé nú í lögum um dreifingu ösku annars vegar og reglugerðum um slíkt hið sama hins vegar, og ljóst er að slíkt misræmi þarf að leiðrétta. Þá er einnig ástæða til að gera athugasemd við að leyfisveitingar til dreifingu á ösku séu háðar óljósri túlkun á lögum og reglum.

Í ljósi hinnar miklu fjölgunar bálfara (50% útfara á höfuðborgarsvæðinu) telur Siðmennt bæði sjálfsagt og eðlilegt að lög þessi verði uppfærð, rýmkuð og nútímavædd í takt við tímann. Sterkustu rökin gegn slíkri uppfærslu eru e.t.v. út frá heilbrigðissjónarmiðum, en samkvæmt umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur stafar lítill mengunarhætta af dreifingu ösku látinna einstaklinga. Siðmennt sér því ekkert því til fyrirstöðu að lög þessi verði uppfærð og styður frumvarpið.

**Fyrir hönd stjórnar Siðmenntar,
Siggeir F. Ævarsson, framkvæmdastjóri.**